

Býður sig fram gegn formanni VM

- Fyrirverandi formaður ætlar í framboð eftir fjölda áskorana frá stjórnarmönnum og félagsmönnum
- Nýtt félag hafi verið stofnað án vitundar félagsmanna ● Segir fjármál VM vera í ólestri

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Guðmundur Ragnarsson hyggst bjóða sig fram til forystu í VM – Félagi vélstjóra og málmþæknimanna á komandi aðalfundi í mars.



Guðmundur Ragnarsson

Guðmundur var formaður VM í áratug, frá 2008 til 2018, en tapaði fyrir núverandi formanni, Guðmundi Helga Þórarinssyni, árið 2018. Munaði 45 atkvæðum á þeim en tæplega 800 greiddu atkvæði.

Guðmundur segir aðspurður að margar og ítrekaðar áskoranir stjórnarmanna, sem og almennra félagsmanna, eigi þátt í framboðinu.

„Ég hafði ekki séð fyrir mér að bjóða mig fram en vegna þrýstings frá stjórnarmönnum, og þeirra málefna sem helst þurfa úrlausnar við, tel ég fulla ástæðu til að stöðva það sem nú á sér stað innan félagsins,“ segir Guðmundur.

„Jafnframt til að koma því á framfæri sem er að gerast þar innandyra varðandi þetta nýja félag sem enginn félagsmaður virðist vita af. Nú þegar er búið að færa starfsmenn þar á milli,“ segir Guðmundur og vísar til stofnunar félagsins 2F sem

Sameinuð árið 2006

» Guðmundur Ragnarsson gekk í Vélstjórafélag Íslands árið 1979 og varð varaformaður félagsins 2003.

» Vélstjórafélag Íslands og Félag málmþæknimanna voru sameinuð árið 2006 og varð þá til stéttarfélagið VM.

» Hann var formaður VM á árunum 2008 til 2018.

taka eigi yfir stóran hluta af starfsemi VM. Félagsmenn hafi ekki verið upplýstir um þennan gjörning.

„Svo eru fjármál félagsins [VM] í algjörum ólestri. Lög félagsins hafa verið þverbrotin en hundruðum milljóna hefur verið ausið úr sjóðum félagsins án löglegra heimilda,“ segir Guðmundur sem fullyrðir að stjórnarmenn hafi ekki fengið svör við ítrekuðum fyrirspurnum um fjármál.

Þá ekki síst varðandi húsa kaup en „enginn veit hvernig allt að 200 milljónir hafi verið borgaðar úr sjóðum félagsins“. Fyrir þeim fjárútlátum séu ekki til neinar aðalfundar- eða stjórnarsamþykktir. Vísar Guðmundur þar til flutnings félagsins af Stórhöfða 25 yfir á Stórhöfða 29.



Morgunblaðið/Golli

Málmþæknir Allt stefnir í formannsslag hjá Félagi vélstjóra og málmþæknimanna, VM, þar sem fv. formaður, Guðmundur Ragnarsson, ætlar gegn núverandi formanni, Guðmundi Helga Þórarinssyni.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 17. janúar 2022, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. janúar 2022 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 17. janúar 2022, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oliugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 18. janúar 2022

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Andlát

Bjarni Haraldsson

Bjarni Haraldsson kaupmaður lést á Sjúkrahúsinu á Sauðárkróki aðfaranótt 17. janúar, 91 árs að aldri.

Bjarni fæddist á Sauðárkróki 14. mars árið 1930, sonur Haraldar Júlíussonar kaupmanns og Guðrúnar Ingibjargar Bjarnadóttur húsmóður. Systir Bjarna var María Kristín Haraldsdóttir, f. 1931, d. 2017.

Bjarni ólst upp á Sauðárkróki og hóf ungar að stunda bifreiðaakstur. Stofnaði eigið fyrirtæki, Vöruflutninga Bjarna Haraldssonar, og rak það um árabíl. Bjarni starfaði jafnframt með föður sínum, sem stofnaði Verzlun Haraldar Júlíussonar árið 1919 og fór með umboð Olís í bænum frá árinu 1930. Bjarni tók við öllum þessum rekstri árið 1970 og stóð vaktina í búðinni allt þar til fyrir í vetur, að hann fór á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki. Verslunin er enn starfandi, ein fárra krambúða sem eftir eru í landinu, og hefur verið í samstarfi við Byggðasafn Skagfirðinga sem safn um horfna verslunarhætti 20. aldar. Árið 2013 var gerð heimildarmynd um verslunina, er nefnist *Búðin*, framleidd af Árna Gunnarssyni.

Á fjölsóttu aldarafmæli verslunar-



innar sumarið 2019 var Bjarni útnefndur heiðursborgari Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sá fyrsti hjá sameinuðu sveitarfélagi. Bjarni var dyggur stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins alla tíð, gegndi trúnaðarstörfum fyrir flokkinn í Skagafirði, var í kjördæmisráði og sat fjölmarga landsfundum í Reykjavík, lengstum í fylgd

systursonar síns, Einars K. Guðfinnssonar, fv. þingmanns og ráðherra flokksins.

Bjarni gegndi ýmsum öðrum félagsstörfum, sat um tíma í stjórn Lionsklúbbs Sauðárkróks, var í sóknarnefnd Sauðárkrókskirkju, var trúnaðarmaður SÁÁ og gerður að heiðursfélagi Landvaka, Félags vöruflytjenda. Þá var hann heiðraður af Olís árið 2012 fyrir áratugastarf hjá félaginu.

Fyrri kona Bjarna var María Guðvarðardóttir, f. 1932, d. 1991. Þau skildu. Dætur þeirra eru Guðrún Ingibjörg, f. 1957 og Helga, f. 1959. Eftirlifandi eiginkona Bjarna er Ásdís Kristjánsdóttir, f. 1931. Sonur þeirra er Lárus Ingi, f. 1962. Barnabörninn eru fjögur talsins og barnabarnabörninn sex.

Starfsfólk í sóttkví en anna eftirspurn



Heimkaup Nokkrir lentu í sóttkví í gær.

Átta starfsmenn netverslunarinnar Heimkaupa lentu í sóttkví eftir að smit greindist þar um helgina. Mikil eftirspurn hefur verið eftir þjónustu Heimkaupa í faraldrinum með vaxandi fjölda sem lendir í einangrun og sóttkví en reynt verður að halda uppi þjónustustiginu þrátt fyrir þetta, að sögn Thelmu Bjarkar Wilson, framkvæmdastjóra þjónustu og notendaupplifunar hjá Heimkaupum.

„Við erum náttúrulega með ungt fólk í vinnu. Um 6% þjóðarinnar eru í sóttkví eða einangrun og þetta unga fólk er stór hluti af þeim hópi,“ segir hún. Fyrirtækið hefur verið í miklum vexti síðan eftir jól að hennar sögn og heldur úti stærstu vefversluninni um þessar mundir. „Við erum búin að ráða í kringum 30 manns síðastliðnar vikur,“ segir Thelma en um 100 manns starfa í vöruhúsinu.

„Sem betur fer hafa fáir sýkst af veirunni hjá okkur og enginn veikst alvarlega,“ segir hún að lokum.